



.....  
F I S K I S T O F A

# Þorskeldiskvótafundur Hafró 2011

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir  
deildarstjóri fiskeldisdeildar  
30. ágúst 2011



# Hlutverk Fiskistofu

- ✓ Útgáfa rekstrarleyfa
  - ✓ Utanumhald um AVS kvóta og úthlutanir til báta
  - ✓ Eftirlit með veiðum í áframeldi og skráningu afla
  - ✓ Eftirlit með slátrun
  - ✓ Eftirfylgni með búnaði og innra eftirliti stöðva
  - ✓ Framleiðsludagbók, utanumhald og leiðbeiningar
  - ✓ Upplýsingasöfnun – Framleiðsluskýrsla
- 
- Eftirlit Fiskistofu skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.
  - Matvælastofnun sér um eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi afurða og frá 1. júlí 2011 einnig um útgáfu leyfa vegna skeldýraræktar.




# Útgáfa rekstrarleyfa

- Árið 2010 voru gefin út 17 ný rekstarleyfi, auk þess sem 5 leyfi voru endurnýjuð. Í einu tilviki var umsækjanda synjað um rekstrarleyfi og eitt leyfi var afturkallað. Rekstrarleyfi í gildi við árslok 2010 voru samtals 41 talsins.
- Jan. – ág. 2011 hafa 20 leyfi verið gefin út, þar af 6 til kræklingaræktunar. Eitt leyfi hefur verið fellt úr gildi á árinu.
- Áhersla 2010 og 2011 í útgáfu rekstrarleyfa – mikið álag.
- Áframhaldandi aukning?




# Skipting leyfa í gildi eftir tegund



Heildarfjöldi leyfa í gildi er 61,  
3 umsóknir um leyfi í vinnslu



# Rekstrarleyfi eftir stærð



Yfirgnæfandi hluti leyfa < 200 tonnum í sjó eða < 20 tonnum í ferskvatni, á einnig við um rekstrarleyfi til þorskeldis. Rekstrarleyfi til þorskeldis í gildi í dag veita leyfi til um 7200 tonna ársframleiðslu.



# Eftirlit Fiskistofu

- Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin.
- Eftirlit með þorskeldi, bæði veiðum og slátrun getur farið fram rafrænt að hluta til með keyrslum úr Gaflí og/eða með eftirliti á vettvangi. Ákvörðun um eftirlit kemur fram í ársáætlun svæðisstjóra, og fer eftir umfangi eldisstöðvar á hverjum stað. Áhersla er á að tryggja vigtun á áframeldisfiski.
- Einnig er eftirlit af handahófi skipulagt af deildarstjóra fiskeldisdeildar.



# AVS kvóti og úthlutanir til báta

- Rgl. nr. 736/2009 um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.
- 3. gr. Fyrirtæki sem úthlutað er aflaheimildum til föngunar og áframeldis á þorski skulu hafa rekstrarleyfi til fiskeldis
- 4. gr. 3. og 4. mgr. Fiskistofa annast framkvæmd úthlutunar aflaheimilda til þorskeldisfyrirtækja í samræmi við ákvarðanir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Aflaheimildir sem úthlutað er til áframeldis miðast við vigtaðan lifandi þorsk sem fer í eldiskví.
- 5. gr. Fyrirtæki sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt þessari reglugerð skulu tilkynna til Fiskistofu áður en veiðar hefjast hvaða skip á þeirra vegum muni verða notuð til að fanga fisk á grundvelli aflaheimildanna. Fiskistofa annast flutning aflaheimilda til einstakra skipa þeirra þorskeldisfyrirtækja sem fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.



.....  
F I S K I S T O F A

## Rafræn framleiðsludagbók

Fiskistofa hefur ákveðið að frá 1. september næstkomandi muni rafræn framleiðsludagbók Fiskistofu leggjast af og í kjölfarið verði upplýsingum um fanganir í áframeldi og slátranir á þorski og öðrum nytjastofnum sjávar eingöngu miðlað til Fiskistofu í gegnum GAFL, aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

Tilkynningar um slátranir þurfa að vera sendar með 3ja daga fyrirvara á tölvupóstfangið [thorskeldi@fiskistofa.is](mailto:thorskeldi@fiskistofa.is)



# Árleg framleiðsluskýrsla

- 2. mgr. 14. gr. laga nr. 71/2008:

Til að Fiskistofa geti framkvæmt eftirlit skv. 1. mgr. skal rekstrarleyfishafi árlega gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fóðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri, svo og önnur þau atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits.



# Árleg framleiðsluskýrsla frh.

- Í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi hefur Fiskistofa hannað rafræna framleiðsluskýrslu sem forsvarsmenn eldisstöðva skulu fylla út á vef stofnunarinnar á slóðinni: <https://uggi.fiskistofa.is> en þar er nú að finna upplýsingagátt Fiskistofu.
- Í skýrslunni er valmöguleiki um að upplýsingarnar verði sendar Landssambandi fiskeldisstöðva og er með þessu verið að stíga fyrstu skrefin í að einfalda skil aðila. Skýrslan verður aðgengileg forsvarsmönnum á vefnum.



# Kostir skýrslunnar

- Rafræn upplýsingaöflun
- Auðveldari tölfræðivinnsla gagna
- Auðveldari áframsending á gögnum
- Skýrsluna fyrir 2011 verður hægt að vista og geyma án þess að senda og sent þegar hún hefur verið fullkláruð.
- Skýrslur eldisstöðvar verða aðgengilegar forsvarsmönnum eldisstöðva í gegnum upplýsingagátt Fiskistofu - „Uggi“.
- Dæmi um aðila sem óska eftir upplýsingunum: OECD, ESB, Hagstofan.



## Lagaheimildir til upplýsingaöflunar um verðmæti úr eldi

- Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 hefur Fiskistofa tiltölulega ríkar heimildir til að ákveða hvaða atriði eiga að koma fram í skýrslum um starfsemi fiskeldisstöðva.
- Fiskistofa hefur um árabíl aflað upplýsinga um kaupendur og verð afla og tengdra afurða. Gerð er krafa um þessar upplýsingar í vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem öllum sem stunda viðskipti með afla eða afurðir vinnsluskipa ber reglulega að skila til Fiskistofu, sbr. reglugerð um skýrsluskil vegna viðskipta með afla nr. 910/2001. Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur hafa reynst mikilvæg gögn fyrir eftirlit Fiskistofu með fiskveiðum, auk þess sem upplýsingum úr þeim er miðlað til Hagstofu Íslands.
- Framleiðsluskýrslur í fiskeldi koma því að þessu leyti í staðinn fyrir vigtar- og ráðstöfunarskýrslur fyrir eldisfisk.
- ESB reglugerð nr. 762/2008, þar kemur skýrt fram að gert sé ráð fyrir að upplýsingar um verðmæti skal safnað í framleiðsluskýrslu fiskeldis.

# Slysasleppingar 13. gr. laga nr. 71/2008

- Rekstrarleyfishafi sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.
- Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður, sem greinir í 1. mgr., valdi vistfræðilegu tjóni. Er honum í því skyni m.a. skylt, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu og án tillits til réttar eigenda sjávarjarða í netlögum, að gera allt sem í hans valdi stendur til að veiddur verði slíkur fiskur á svæði innan 200 metra frá stöðinni. Skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði í því skyni.
- Á heimasíðu Fiskistofu má finna eyðublað: Tilkynning um slysasleppingu ef slíkan atburð hendir.



.....  
F I S K I S T O F A

# Fiskeldi og strandsvæðastjórnun



# Fiskeldi – liður í strandsvæðastjórnun

- Skilgreining á strandsvæðastjórnun:

Samfelld og öflugt ferli þar sem að ákvarðanataka byggist á sjálfbærri notkun, þróun og verndun strandsvæða, hafsvæða og auðlinda. Stjórnun þessi byggir á því að eðlilegt samband sé á milli notkunar strandsvæðis og þess hafsvæðis sem umlykur það, og er hönnuð með það í huga að bæta þarf þá brotakenndu innviði sem há svæðaskipti stjórnun.



## Dæmi um notkunarmöguleika og hagsmunaaðila íslenskra strandsvæða

### Notkunarmöguleikar

- ✓ hafnarsvæði
- ✓ verndarsvæði
- ✓ manngert svæði, td.Nauthólsvík
- ✓ frístundasvæði
- ✓ efnistökusvæði
- ✓ frárennsli
- ✓ sjósund, bátsróður oþh.
- ✓ vatnsbirgðir
- ✓ samgöngur
- ✓ landfylling
- ✓ fiskeldi
- ✓ svæði nýtt til rannsókna, td. á búsvæðum eða á geislavirkni

### Hagsmunaraðilar

- ✓ fiskveiðar
- ✓ eldisaðilar
- ✓ landeigendur (ríki,sv.félög,aðrir)
- ✓ rekstraraðilar frístundasvæða
- ✓ aðrir rekstraraðilar, hliðargreinar
- ✓ notendur frístundasvæða
- ✓ aðrir notendur td.vegna efnisnýtingar
- ✓ umhverfissinnar
- ✓ fræðimenn
- ✓ sveitafélög
- ✓ almenningur



# Strandsvæðastjórnun frh.

- Með strandsvæðastjórnun eru tekin fyrir áhrif fiskeldis með tilliti til annarrar starfsemi svæðisins og hugsanlegrar framtíðarnotkunar og samlegðaráhrifa á umhverfið.
- Þannig væri hægt að skipuleggja nýtingu strandsvæða og taka ákvarðanir um í hvaða fjörðum eða fjarðahlutum eigi að heimila fiskeldi, hvaða svæði ætti að vernda t.d. vegna ferða- þjónustu, fiskveiða, verndarsvæða o.s.frv.





## Strandsvæðastjórnun frh.

- Samþætt strandsvæðastjórnun hefur það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif fiskeldis og varðveita náttúruauðlindir, koma í veg fyrir hagsmunarárekstra og ná sem bestri nýtingu við úthlutun náttúruauðlinda.
- Stór hluti leyfisveitinga og hluti umfangs fiskeldis er í sjókvíum og er því mikilvægt að huga að þessum þætti hér á landi.





# Strandsvæðanefnd

- Þann 27. september 2010 skipaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nefnd um skipulag framkvæmda á hafinu.
- Hlutverk nefndarinnar var að gera úttekt á þeim lögum og reglum, sem gilda um framkvæmdir og athafnir með ströndum landsins og í efnahagslögsögunni, meta þörf fyrir skýrari reglur þar um og hvort ástæða sé til þess að setja löggjöf um skipulag strandsvæða.
- Á næstu árum má gera ráð fyrir að vaxandi áhugi verði á nýjum framkvæmdum og athöfnum á hafinu utan netlaga. Auk fiskeldis má ætla að áhugi fyrir orkuvinnslu á hafinu aukist, svo og ýmis nýting hafsbotnsins og námuvinnsla svo nokkuð sé nefnt.
- Nefndin mun skila af sér niðurstöðum innan skamms.



# Vinnufundur

- Ástand hafsins og hugsanlegt hafsskipulag er hluti af aðgerðaráætlun norrænu ráðherranefndarinnar.
- AEG (Akvatisk Ekosystem Group er einn af faghópum norrænu ráðherranefndarinnar) er að undirbúa ráðstefnuna um hafsskipulag, sem lið í þessari aðgerðaráætlun.
- Vinnufundur um skipulag og stjórn hafssvæða í Færeyjum 15. – 16. nóvember 2011 á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.
- [www.us.fo/hav2030](http://www.us.fo/hav2030)

# Þorskeldisfundur 2010

